



Innra mat í Grunnskóla Önundarfjarðar skólaárið 2022-2023

JÚNÍ 2023

ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um sjálfsmat skóla	3
Aðferðir við sjálfsmat	3
Framgangur umbóta frá fyrra ári	3
Matsáætlun skólans 2022-2023	3
Niðurstöður	3
Nám – námsárangur, kröfur og námsmat	3
Nemedur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3
Aðbúnaður	3
Samstarf heimila og skóla	3
Samantekt	3
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024	3

Inngangur

Skólinn heitir Grunnskóli Önundarfjarðar og er við Tjarnargötu á Flateyri. Skólahúsið er rúmir 700 m² á tveimur hæðum. Íþróttahús og sundlaug eru við hlið skólans. Skólahald hófst á Flateyri árið 1903 á Grundarstíg 14. Dægradvöl er starfrækt í skólanum fyrir nemendur 1. -4. bekkjar.

Einkunnarorð skólans eru gleði, virðing, ábyrgð og metnaður.

Gleði: Í skólanum er stuðlað að gleði með fjölbreyttri nálgun á viðfangsefni. Hugað er að vellíðan nemenda með því að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur með verkefnum við hæfi og tengingu við áhugasvið.

Virðing: Í skólanum sýnum við hvert öðru virðingu, virðum skoðanir og sérstöðu hvers einstaklings. Við berum virðingu fyrir eignum skólans og umhverfinu.

Ábyrgð: Í skólanum vinnum við með leiðsagnarnám. Við höfum markmið sýnileg og aukum ábyrgð nemenda á eigin námi með því að styðja þá við að setja sér markmið og vinna að þeim. Starfsmenn sýna ábyrgð í hvívetna.

Metnaður: Við vinnum að starfsmarkmiðum skólans af metnaði, við eflum áhuga og leikni nemenda, aukum ábyrgð þeirra á eigin námi og stuðlum að aukinni vellíðan og náum þannig fram þeirra metnaði.

Skólaárið 2022-2023 voru 13 nemendur við skólann

1. bekkur 5 nemendur
2. bekkur 1 nemandi
3. bekkur 3 nemendur
4. bekkur 1 nemandi
5. bekkur 0 nemendur
6. bekkur 2 nemendur
7. bekkur 1 nemandi

Nemendur skiptust í tvo hópa, 1. – 3. bekkur og 4. – 7. bekkur.

Um sjálfsmat skóla

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Grunnskóla Önundarfjarðar byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmið eru sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og stefnt að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla

- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Skólastjóri Grunnskóla Öfundarfjarðar er ábyrgur fyrir sjálfsmati og gerð áætlunar en allir starfsmenn skólans taka þátt í vinnu við gæðagreina. Fjórir gæðagreinar voru teknir fyrir á starfmannafundum þetta skólaárið. Könnun var lögð fyrir nemendum í lok skólaárs.

Aðferðir við sjálfsmat

Frá haustinu 2018 hafa grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ notast við Gæðagreina, sem byggjast á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How Good Is Our School 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá Gæðagreinar 2. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatið enn á ný og gáfu út í september 2015, sú útgáfa kallast *How Good Is Our School, 4*. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni og gaf út íslensku þýðinguna „*Hversu góður er grunnskólinn okkar?*“ sem grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ hafa fengið leyfi til að nota. Aðferðarfræðin við matið byggir á lýðræðislegum skipulögðum samræðum og fellur því vel að öðrum áherslupáttum skólastarfsins svo sem Uppeldi til ábyrgðar, Leiðsagnarnámi og áherslum á nemendalýðræði.

Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnargjöf á bilinu 1-6.

Einkunnarkvarðinn er skilgreindur þannig:

Heildarstig matsþáttar	Lýsing á viðmiði
5,0-6,0	Mjög góð staða, framúrskarandi og leiðandi gæði á landsvísu
4,0-4,9	Góð staða og mjög margir styrkleikar sem einkenna matsþáttinn. Nokkrir þættir sem þarfnast úrbóta.
3,0-3,9	Aðeins fleiri styrkleikar en veikleikar, grípa þarf til aðgerða á þeim þáttum sem þarfnast umbóta.
1,0-2,9	Óviðunandi staða, veikleikar mun fleiri en styrkleikar. Matsþáttur þarfnast tafarlausra umbóta.

Auk gæðagreina er stuðst við niðurstöður kannana, mat á námi nemenda og viðtöl við sjálfsmat skólans.

Framgangur umbóta frá fyrra ári

Niðurstöður innra mats hafa hingað til verið kynntar í kafla í ársskýrslu skólans. Ársskýrsla síðasta árs fór inn á heimasíðu skólans í ágúst 2022. Nú ætlum við að gera breytingu á og hafa innra mats skýrsluna aðgreinda frá ársskýrslunni.

Umbótaáætlunin snerist um að koma þeim atriðum í lag sem enn stóðu útaf eftir ytra mat sem gert var vorið 2019. Vel hefur gengið að ná þeim markmiðum og var lokaskýrslu vegna ytra mats skilað 1. mars 2023. Margir þættir umbótaáætlunar krefjast sífelldrar endurskoðunar og aðhalds og verður því unnið áfram að þeim og má þar nefna reglubundin nýting á Mentor, virk endurgjöf skólalæra til kennara með reglulegum heimsóknum í kennslustundir og endurskoðun skólanámskrár.

Matsáætlun skólans 2022-2023

Samkvæmt matsáætlun skólans voru eftirfarandi þættir til skoðunar á þessu skólaári:

Matsþættir	Matstæki
Nám- námsárangur, kröfur og námsmat	Talnalykill, lesferill, nemendakönnun, Gæðagreinir 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar
Nemendur- líðan og þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	Tengslakannanir, nemendakönnun, Gæðagreinir 3.3. Sköpun og starfshæfni
Starfsfólk- starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	Starfsmannasamtöl, leiðsagnarnám, haustnámskeið, Gæðagreinir 1.3 Breytingastjórnun, Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
Aðbúnaður	Starfsmannasamtöl, nemendakönnun
Samstarf heimila og skóla	Viðtöl, fundir skólaráðs, vikuleg upplýsingagjöf til foreldra

Niðurstöður

Nám – námsárangur, kröfur og námsmat

Lesferill. Vegna fámennis er ekki hægt að birta myndir af niðurstöðum Lesferils en þegar rýnt er í þær sést að hver einstaklingur er að ná framförum og bæta sinn árangur og er það okkar aðalmarkmið. Í starfsmarkmiðum okkar er lögð mikil áhersla á lestur og munum við einnig setja lesturinn í umbótaáætlun næsta skólaárs með það að markmiði að gera enn betur.

Talnalykill var lagður fyrir 3. og 6. bekk. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi eða bekk í einstökum þáttum stærðfræðinnar. Niðurstöður eru nýttar til frekari framgangs í stærðfræði.

Könnun var lögð fyrir nemendur og voru spurningar meðal annars um ábyrgð á eigin námi og gáfu nemendur sé þar háa einkunn, meðaleinkunn 8/10, það sama á við um að leggja sig fram við námið. Að leggja sig fram við að bæta árangur sinn í stærðfræði fær meðaleinkunnina 9/10 og að leggja sig fram við að bæta árangur sinn í lestri meðaleinkunnina 6,5/10. Við höfum ekki notað skólapúlsinn síðustu tvö ár

vegna fámennis en munum endurskoða það næsta skólaár og einnig að nýta gæðagreinana sem passa fyrir nemendur.

Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf

Námsráðgjafi leggur fyrir tengslakannanir tvisvar á ári og vinnur úr þeim. Gripið er til aðgerða ef tengslakönnun sýnir þörf á því. Tengslakannanir eru tæki til að kanna félagstengsl nemenda og fá af þeim mynd. Kannanirnar geta gefið vísbendingu um félagslega stöðu, vinsældir, höfnun, trygg sambönd, einelti o.fl.

Eins og áður sagði nýttum við ekki skólapúlsinn þetta árið vegna fámennis en lögðum fyrir okkar eigin könnun. Spurning um líðan í skólanum gefir einkunnina 7,5/10 og að finnast gaman í skólanum einkunnina 8/10. Að finnast skólinn góður gefur einkunnina 9/10.

Gæðagreinarnir meta ýmislegt varðandi velferð nemenda og má þar nefna: Gæðagreinir 3.3 metur hvernig við komum til móts við nemendur með skapandi hætti. Gæðagreinir 1.4 metur hvernig við sköpum góðan skólabrag og stuðlum að námsárangri. Gæðagreinir 1.3. metur meðal annars hvernig við stuðlum að umbótum fyrir alla nemendur. Gæðagreinir 3.1 metur meðal annars hversu vel starfsfólk þekkir hlutverk sitt og ábyrgð varðandi heilsu og velferð nemenda og hveru vel við þekkjum og tókum mið af lögum og reglugerðum um skólastarf.

Starfsfólk- starfshættir, endurmenntun, líðan, starfsandi, samskipti og samstarf

Eftirfarandi gæðagreinar voru teknir fyrir á skólaárinu og taflan sýnir meðaltalseinkunn hvers þeirra:

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
1.3 Breytingastjórnun	4,9
1.4. Forysta og starfsmannastjórnun	4,75
3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5,0
3.3 Sköpun og starfshæfni	5,0
Meðaltalseinkunn úr öllum þáttum	4,9

Gæðagreinir 1. 3 Breytingastjórnun var tekinn fyrir 11. maí 2023. Þessi þáttur kemur sterkur út. Styrkleikar felast meðal annars í því að starfsfólk er samstíga í því að vinna að breytingum sem stuðla að umbótum fyrir nemendur. Það sem við sjáum að við getum gert betur við mat á þessum þætti er að auka væntingar til nemenda og upplýsa nemendur um stefnu, markmið og gildi skólans.

Gæðagreinir 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun, metið 11. maí 2023. Þessi þáttur kemur sterkur út. Starfsandi er góður sem og skólabragur. Faglegu ferli er fylgt við ráðningar. Betur má huga að stuðningi við starfsfólk sem ráðið er tímabundið en einnig að minna það á að spyrja og leita upplýsinga.

Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Tekinn fyrir 11. maí 2023. Þennan þátt máttum við einnig á síðasta skólaári og því þarsíðasta. Hann kemur mjög sterkur út í heildina. Má nefna sem styrkleika að starfsfólk þekkir hlutverk sitt, tekur mið af lögum og reglum, tryggir öryggi og velferð nemenda. Hlustað er á raddir nemenda. Skólinn hefur skapað árangursríkt námsumhverfi. Mælingar í lestri sýna aukinn árangur og einnig það að nemendur tjá sig um nám sitt.

Veikleiki er að aðgengi fyrir fatlaða er ekki að efri hæð skólans og ekki heldur gott að neðri hæð þar sem útihurð er þung og erfitt að opna og þröskuldar eru fyrirstaða.

Gæðagreinir 3.3 Sköpun og starfshæfni. Þessi þáttur var metinn snemma vors 2023. Þátturinn kemur mjög sterkur út. Nokkrar spurningar eiga ekki við um okkur þar sem við erum ekki með unglíngastig eins og er. Okkar sterkustu hliðar eru að við nálgumst viðfangsefni með skapandi hætti og erum sveigjanleg. Okkur finnst fjölbreytt og skapandi vinna vera mjög mikilvæg.

Aðbúnaður

Skólahúsnæðið er gamalt og hefur ekki verið breytt með tilliti til aðgengis fatlaðra fyrir utan það að settur hefur verið rampur utanhúss. Stigi er innanhúss en ekki lyfta. Í starfsmannasamtölum kemur almennt fram ánægja með aðbúnað til kennslu, úrvinnslu og undirbúnings. Það sem vantar er hægt að setja á fjárhagsáætlun og bæta úr við fyrsta tækifæri. Bæta þarf úr aðbúnaði til íþróttakennslu í íþróttahúsi og aðstöðu við þrif á skólahúsnæði, byrja á því að kaupa tæki sem þarf að nota daglega fyrir báðar hæðir svo ekki þurfi að bera á milli hæða.

Samstarf heimila og skóla

Foreldrafélag Önundarfjarðar sem er sameiginlegt fyrir Leikskólann Grænararð og Grunnskóla Önundarfjarðar var virkjað á ný í fyrra. Félagið hefur enn ekki haldið fund fyrir foreldra en stjórn vinnur saman og sá m.a. um skemmtun á Öskudaginn og kaffi á árshátíð grunnskólans. Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði sem fundar reglulega um málefni skólans. Kaffihús í nóvember, árshátíð í apríl og skólaslit í júní eru viðburðir sem fastir eru í dagskrá skólans og ávallt vel sóttir af foreldrum. Einnig var foreldrum boðið til að vera viðstaddir vélmennaglímu í febrúar og tónleika sem settir voru upp í október. Vikulega senda umsjónarkennarar póst heim með fréttum af liðinni viku og upplýsingum sem þarf fyrir næstu viku á eftir. Samtöl foreldra, nemenda og umsjónarkennara eru þrisvar á ári, í upphafi skólaárs, í október og í febrúar.

Samantekt

Í stórum dráttum er sjálfsmat að koma sterkt út og margt sem við megum vera stolt af í skólastarfinu. Starfsfólk er samstíga og metnaðarfullt og skólabragur er góður. Vel tekst að nýta styrkleika hvers starfsmanns. Leiðsagnarnám er komið vel á veg og er að verða hluti af skólameningunni.

Það sem við viljum setja meiri kraft í næsta vetur er:

Að einbeita okkur að skólanámskránni og gera hana skýrari.

Að gera heimasíðuna betri og aðgengilegri.

Að vinna meira með uppbyggingastefnuna með nemendum.

Að festa leiðsagnarnámið enn betur í sessi og leggja sérstaka áherslu á að hafa vaxtarhugarfar gegnumgangandi og vinna markvisst með endurgjöf.

Að leggja enn meiri áherslu á lesturinn og árangur hvers einstaklings.

Að vinna saman í Mentor reglulega svo símat sé sýnilegt og alltaf virkt.

Að finna leiðir til að leggja fleiri kannanir fyrir foreldra og nemendur þrátt fyrir fámennið.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Umbótapáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Ábyrgð	Endurmat hvernig	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Að uppfæra og gera skýrari	Vinna markvisst í henni, kafla fyrir kafla	Vorið 2024	Skólastjóri	Lesin yfir af starfsmönnum og skólaráði	Uppfærð skólanámskrá komin á heimasíðu
Heimasíða	Að uppfæra og gera áhugaverðari, betri og aðgengilegri	Skoða heimasíður sem við viljum nota sem fyrirmynd. Breyta.	Desember 2023.	Skólastjóri	Endurgjöf frá starfsmönnum, nemendum og skólaráði.	Heimasíðan orðin betri og aðgengilegri en hún er.
Uppbyggingastefna	Að vinna fleiri verkefni með nemendum	Setja á dagskrá inni skipulag	Vorið 2024	Skólastjóri og kennarar	Umræður á starfsmannafundi.	Nemendur þekkja stefnuna og nýta sér góð gildi hennar.
Leiðsagnarnám -Vaxtarhugarfar -Endurgjöf	Að festa betur í sessi	Setja á dagskrá inni skipulag með mikla áherslu á vaxtarhugarfar og endurgjöf.	Vorið 2024	Skólastjóri og kennarar	Umræður á starfsmannafundi.	Nemendur þekkja vaxtarhugarfar og nýta sér það. Aukin seigla. Endurgjöf virk.
Lestur	Að bæta árangur hvers og eins nemanda.	Vinna áfram með lestur skv. starfsmarkmiðum en leggja aukna áherslu á lestur með nemendum sem þurfa sérstaklega á því að halda.	Vorið 2024	Skólastjóri og kennarar	Niðurstöður Lesferils og lesskilningskannana.	Lesferill og lesskilningskannanir sýna bættan árangur einstaklings.

Mentor	Að gera lokamat að vori auðveldara. Hafa símat virkt.	Vinna saman í mentor í hverri viku.	Vorið 2024	Skólastjóri og kennarar	Umræður á kennarafundi. Könnun meðal nemenda og foreldra.	Símat er virkt og lokamat þar með auðvelt.
Mat foreldra og nemenda á skólastarfi	Að finna leiðir til að leggja fyrir kannanir þrátt fyrir fámenni	Nota skólapúls eða semja okkar eigin könnun	Vor 2024	Skólastjóri	Þátttaka í könnunum	Svör frá nemendum og foreldrum sem nýtast við sjálfsmat.

